

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 61/2007

frá 8. júní 2007

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2007 frá 27. apríl 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkanar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið ⁽²⁾.
- 3) Í reglugerð (EB) nr. 1893/2006 er kveðið á um að í stað tilvísana í atvinnugreinaflokkunina NACE, 1. endursk., komi tilvísanir í nýju flokkunina, NACE, 2. endursk.
- 4) Af þessum sökum ber að breyta tilvísunum í NACE, 1. endursk., sem er að finna í 2. lið sviðsbundnu aðlögunarákvæðanna í XXI. viðauka.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Í stað textans í 2. mgr. sviðsbundnu aðlögunarákvæðanna komi eftirfarandi:
„Tilvísanir í „atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 1. endursk.)“ ber að skilja, nema annað sé tekið fram, sem tilvísanir í „atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.)“, sjá skilgreininguna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 sem hefur að geyma breytingar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið. Kenninúmer, sem tilgreind eru, skal lesa sem samsvarandi umbreytt kenninúmer í NACE, 2. endursk.“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 20b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3696/93):
„20c. **32006 R 1893**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkanar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtið. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 68, og EES-viðbætur nr. 38, 9.8.2007, bls. 43.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1.

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97), 2. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98), lið 7f (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/98), 20. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90) og 27. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002):

„– **32006 R 1893**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).“

4. Eftirfarandi bætist við í lið 4a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91), lið 4c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 48/2004), lið 18d (reglugerð ráðsins (EB) nr. 530/1999), lið 18g (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 450/2003), lið 18q (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1552/2005) og 28. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004):

„, eins og henni var breytt með:

– **32006 R 1893**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1893/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Scatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.